



Fimleikaping 2019



Formáli



Ég býð þig velkomin á Fimleikaping fyrir árið 2018.

Næsta sumar munum við halda Eurogym 2020 á Íslandi. Það er von mín að sem flest félög taki þátt í því verkefni með okkur. Frá upphafi hefur stefnan verið að reka hátíðina með það í huga að félögin hljóti af því ávinning og ég vona innilega að félögin noti þetta tækifæri, bæti umgjörð sína í tengslum við fimleika fyrir alla og njóti ávinnings, bæða á beinan og óbeinan hátt. Þess má geta að á árinu sendum við um 250 manns á öllum aldri á Eurogym í Belgíu og Golden Age á Ítalíu.

Árið 2017 tókum við í notkun nýtt bókhaldskerfi, það reyndist á endanum stærra verkefni en nokkurn óraði fyrir. Það er þó gleðilegt að nú höfum við farið í gegnum næstum 2 ár og erum sífellt að bæta bókhald sambandsins ásamt því að hafa komið upp ferlum er varða flest okkar fjármál. Það hefur að lang mestu leiti tekist en þó á eftir að fara í vinnu gagnvart skuldunautum okkar þar sem leggja þarf enn frekari vinnu í. Þessa dagana erum við að ráða aðila til að sjá um fjármál sambandsins og mun sami aðili sjá um fjármál Eurogym 2020. Það er því von á að aðildarfélögin geti þar gengið að fjárhagsstöðu sinni gagnvart FSÍ á fljótlegri hátt en raunin hefur verið síðustu tvö ár.

Það hefur verið mér hugleikið að koma fræðslumálum okkar með auknum hætti á stafrænt form, bæta þannig aðgengi fyrir þjálfara og áhugasama. Það hefur í stuttu máli ekki enn tekist og eru margar ástæður fyrir því. Það er alveg ljóst að ef við viljum halda menntun að okkar þjálfurum og öðrum þeim sem vinna að framgangi íslenskra fimleika, gegnir stafrænt námsefni þar lykilhlutverki.

Á árinu fórum við í stærstu afreksverkefni sem við höfum tekist á hendur bæði í áhalda- og hóp fimleikum. Á Evrópumótinu í áhaldafimleikum náðist tímamótaárangur þegar Valgarð komst í úrslit á stökki en þessum árangri fylgdi þó sá galli að kostnaður við verkefnið jókst til muna. Á Evrópumótinu í hóp fimleikum stóðu liðin okkar sig með mikilli þrýði og það var frábært að fylla nánast heila vél af landsliðum okkar og stuðningsmönnum. Það er mjög ánægjulegt að við erum á réttri leið varðandi kostnaðarþátttöku keppenda sem er samkvæmt afreksstefnu FSÍ og er það ekki síst að þakka stórauðnu framlagi ríkisins í gegnum afrekssjóð ÍSÍ. Þar fyrir utan, samkvæmt fyrrgreindri afreksstefnu, höfum við stórukið aðkomu fagteymis að okkar keppendum.

Á heildina litið erum við tekið miklum framförum, erum að gera margt mun betur en áður en á sama tíma má bæta margt. Ég vona að við eigum hér gott þing og höldum áfram góðri vinnu í þágu íslenskra fimleika.

Skrifstofa FSÍ



Sólveig Jónsdóttir
Framkvæmdarstjóri

solveig@fimleikasamband.is

Helga Svana Ólafsdóttir
Fræðslustjóri

helga.svana@fimleikasamband.is

Þorbjörg Gísladóttir
Mótastjóri áhaldafimleika

thorbjorg@fimleikasamband.is

Íris Mist Magnúsdóttir
Afreksstjóri hóp fimleika

iris.mist@fimleikasamband.is

Íris Svavarsdóttir
Skrifstofustjóri

iris@fimleikasamband.is



Fjölmiðlar

Stóru mótin í hópfirmleikum hafa átt sinn sess í sjónvarpi á Íslandi undanfarin ár en undanfarin ár hefur helst mátt greina breytingu í sjónvarpsumfjöllun hvað varðar áhaldafimleika.

Bein útsending frá RIG og Íslandsmótinu, bæði fjölpraut og úrslitum á einstökum áhöldum voru aftur á dagskrá í ár og heppnuðust þær afar vel eins og fyrri ár. Eftir sem áður voru beinar útsendingar frá bikar- og Íslandsmótinu í hópfirmleikum.

Beinar útsendingar voru frá úrslitum EM og HM í áhaldafimleikum og var frábært fyrir unnendur fimleika á Íslandi að geta fylgst með Valgarð keppa í úrslitum á stökki á EM í Glasgow. Evrópumótinu í hópfirmleikum voru gerð mjög góð skil, þar sem undanúrslitum var streymt á síðu ruv.is og úrslitin voru í beinni útsendingu.

Fimleikasambandið hefur átt í góðum samskiptum við íslenska fjölmiðla og hafa fréttir af stóru mótum ársins birst í stærstu miðlum landsins.



Íþróttamaður ársins

Kvennalandslíðið í hópfirmleikum á topp þremur í lið ársins.

Kvennalandslíðið í hópfirmleikum vann til silfurverðlauna á Evrópumóti í hópfirmleikum í október. Líðið vann tvö áhöld af þremur og var hársbreidd frá því að landa Evrópu-meistaratitlinum í ár en grátlega litlu munaði á fyrsta og öðru sætinu. Styrk íslensku kvennanna má einna helst sjá í Stjörnuliði mótsins en Ísland átti þrjár af sex konum í því liði en ekkert land náði þeim árangri.



Valgarð á topp 10 listanum.

Valgarð Reinhardsson er annar fimleikamaðurinn í sögu kjörsins sem kemst inn á topp tíu en sá síðasti var Rúnar Alexandersson fyrir fjórtán árum.

Hönnunarkeppnin - Fimleikar.is

Fimleikasambandið og Fimleikar.is stóðu fyrir hönnunarkeppni þar sem upprennandi hönnuðir í fimleikahreyfingunni gátu spreitt sig og hannað sinn eigin fimleikabol, sem í kjölfarið var framleiddur af Fimleikar.is.

Margar glæsilegar hannanir bárust sambandinu og við fengum til liðs við okkur landsliðsfólkið Dominiqua Alma Belányi og Eypór Örn Baldursson til þess að skera úr um sigurvegara. Þáttaka var framar okkar björtustu vonum og er greinilegt að mikið af hönnuðum býr í hreyfingunni.

Sigurvegari drengja var Kristófer Lárus Jónsson frá FIMAK og sigurvegari stúlkna var Petrún Anna Pálsdóttir frá Stjörnunni. Vinningshafar fengu bolina sína framleidda hjá Fimleikar.is og fengu að sjálfsögðu eitt eintak af bolnum sjálf. Bolirnir komu í kjölfarið í sölu hjá Fimleikar.is. Við þökkum öllum kærlega fyrir þátttökuna og hlökkum til þess að vinna með öllu því hæfileikaríka fólki sem er í hreyfingunni okkar í framtíðinni.



FSÍ mót

Árið 2018 voru haldin 23 mót á vegum Fimleikasambandsins.

Fjöldi skráðra keppenda var 5.565 sem er um 400 fleiri keppendur en árið á undan. Keppt var á 7 hóp fimleikamótum, 3 stökkfimimótum og 12 áhaldafimleikamótum.

Fimleikalíf var sameinað við Unglingalandsmót UMFÍ.

Mótahald sambandsins gekk framar öllum vonum. Mótin voru til fyrirmyndar og er greinilegt að félög landsins eru vel að sér í mótahaldi og því sem þarf að gera til þess að framkvæmdin gangi eins vel og raun bar vitni.

Fimleikasamband Íslands þakkar mótshöldurum fyrir gott starf í þágu fimleika á Íslandi.



Fimleikasambandið 50 ára Heimsmet í handstöðu



Fimleikasamband Íslands efndi til afmælisveislu í dag í tilefni af 50 ára afmæli sambandsins og bauð fimleikafólki og öðrum áhugasömum í Laugardalshöll í afmælisköku og tilraun við heimsmet.

Til stóð að slá heimsmet í handstöðu eða “Most people doing a handstand” eins og það kallast hjá Heimsmetabók Guinness. Fyrri metið var 399 manns og var stefnan sett á að slá heimsmetið með stæl og stefna á 500 mann í handstöðu. Fimleikasendi boð á fimleikafélögin í landinu og bauð þeim í veisluna og undirtektirnar voru eins og fimleikafólki sæmir, alveg til fyrirmyndar.

Þegar afmælið nálgast fengum við fréttir af skipulögðum rútuferðum og niðurfellingu æfinga og von Fimleikasambandsins um að markmiðið næðist jókst.

Þegar upp var staðið, var ljóst að markmiðið hafði náðst og spurningin einungis hversu langt fram úr fyrri meti fimleikahreyfingin fór. Það voru spennir umsjónaraðilar sem fylgdust með endurskoðendunum, obinberum vitnum, telja saman fjöldann skv. þátttökuskýrslum. Lokatölur, 607 einstaklingar í handstöðu á sama tíma og fyrri met bætt um 52%.

Einnig má ekki gleyma fimleikafélögunum úti á landi en þau tóku þátt í hátíðinni með okkur og héldu sín eigin handstöðupartý, með köku og fimleikagleði.

Til hamingju íslenskt fimleikafólk, þetta var hinn fullkomni afmælisdagur fyrir fimleika #fimleikar fyrir alla.




Íslandsmót í höllinni

Íslandsmót í áhaldafimleikum og hópfinleikum var haldið með glæsibrag í Laugardalshöll daganna 6. – 9. apríl 2018.

Umgjörðin var vægast sagt glæsileg og mátti sjá undrunarsvið á keppendum þegar þeir gengu fyrst inn í keppnishöllina. Mótin voru einnig í beinni útsendingu á RÚV og tókst vel til. Mikið var lagt í mótahaldið og var höllin sannarlega fimleikaparadís yfir helgina.

Í tilefni af 50 ára afmæli sambandsins var öllum Íslandsmeisturum í áhaldafimleikum frá árinu 1969 boðið í móttöku á laugardegum og voru þau einnig kölluð uppá gólfíð til þess að taka á móti rós. Vakti þetta mikla kátínu og var gaman að sjá gömul og ný andlit saman á ný.



Fundir haldnir á árinu

Fræðsludagurinn

Fræðsludagurinn var haldin í annað sinn í Íþróttahúsinu Fagralundi 25.ágúst.

Í ár fengum við til liðs við okkur frábæra fyrirlesara, þær Hrund Þrándardóttur sem fjallaði um þjálfun barna með ADHD og kvíða og Vöndu Sigurgeirsdóttur sem fjallaði um einelti.

Einnig var í heimsókn hjá okkur Jeff Thomson frá Kanada en hann fjallaði um fimleika fyrir alla og fimleika sem leiðandi íþrótt.

Mikil ánægja var með alla fyrirlesara og má segja að þessi byrjun á haustinu sé komin til að vera.

Góð mæting var frá öllum félögum en alls voru um 120 manns sem mættu á Fræðsludaginn.

Fyrirlestrarnir voru allir túlkaðir á ensku.

Súpufundir

Fyrsti súpufundur skrifstofu fór fram í desember 2018 og voru svo haldnir þrír fundir til viðbótar.

Fundirnir voru umræðu vettvangur milli starfsfólks skrifstofu FSÍ og starfsfólks félaga. Á fundunum í vetur fóru oft fram góðar umræður um hin ýmsu málefni sem voru í brennideplinum á hverjum tímapunkti.

Fundirnir gengu vel og var góð mæting frá félögunum. Mikilvægt er að halda góðu samtali gangandi á milli skrifstofu sambandsins og félaganna.

Með því að halda samtalinu og samstarfinu góðu verðum við öll betri.

Formannafundir og stjórnarfundir

Stjórn FSÍ fundaði reglulega á árinu og fóru 19 stjórnarfundir fram. Áframhaldandi vinna í yfirtöku á dómaraagreiðslum fór fram og á vormánuðum voru samningar við dómara endurskoðaðir og betur um bættir. Stjórn fundaði í framhaldinu með Dómarafélagi Íslands þar sem samningurinn var til umræðu og ákveðið að búa einnig til samning fyrir alþjóðlega dómara og erlend verkefni.

Á árinu hófst nánara eftirlit með skráningu í þjónustugátt og menntun þjálfara, hafin var vinna við að meta erlenda þjálfaramenntun inn í íslenska fræðslukerfið og skrifaðar voru reglur um þjálfaraleyfi á mótum.

Árið markaði einnig tímamót í umhverfisvitund sambandsins þegar að fimleikamótin urðu að mestu leyti rafræn og dómaramiðarnir loksins kvaddir. Formanna- og framkvæmdastjórafundir fóru fram samkvæmt venju, formannaráð hittist þrisvar á árinu þar sem farið var yfir þau málefni sem helst hafa verið á baugi undanfarin misseri en gott samstarf og samband við félögin er stjórn mikilvægt.



Nefndir FSÍ 2018

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum

Formaður: Sandra Árnadóttir.

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd kvenna á síðasta starfsári:

Auður Ólafsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Ragna Þyrí Ragnarsdóttir og Þorbjörg Gísladóttir.

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum

Formaðuri: Anton Heiðar Þórólfsson.

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd karla á síðasta starfsári:

Axel Ólafur Þórhannesson, Daði Snær Pálsson, Sigurður Hrafn Pétursson og Vilhjálmur Ólafsson.

Tækninefnd í hópfimleikum

Formaður: Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd í hópfimleikum á síðasta starfsári:

Ágústa Dan Árnadóttir, Ragnar Magnús Þorsteinsson, Una Brá Jónsdóttir og Þórdís Þráinsdóttir.

Fimleikar fyrir alla

Formaður: Guðrún Tryggvadóttir.

Eftirtaldir aðilar skipuðu nefnd um fimleika fyrir alla á síðasta starfsári:

Eva Hrund Gunnarsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Ingibjörg Þóra Þórarinsdóttir og Sæunn S. Viggósdóttir.

Fræðslunefnd (FRÆ)

Formaður: Hlín Bjarnadóttir.

Eftirtaldir aðilar skipuðu fræðslunefnd á síðasta starfsári:

Andrea Dan Árnadóttir, Fanney Magnúsdóttir og Stefanía Eypórsdóttir.

Laganefnd

Formaður: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu laganefnd á síðasta starfsári: Hjalti Geir

Erlendsson og Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Heilbrigðisnefnd

Guðjón Einar Guðmundsson fór fyrir nefndinni en hana skipuðu,

ásamt Guðjóni, Andri Wilberg Orrason, Hera Jóhannesdóttir og Þórdís Ólafsdóttir.

Aga- og Siðanefnd

Lína Ágúsdóttir fór fyrir nefndinni en hana skipuðu, ásamt Línu,

Hildur Skúladóttir og Una Emilsdóttir.

Nánar má lesa um skýrslur fastanefnda sambandsins í viðauka við skýrslu stjórnar.

Tækninefnd kvenna

Nefndin starfaði líkt og fyrri ár nema með frekari verkaskiptingu milli nefndarmanna. Í nefndinni sitja núna landsliðspjálfarar kvenna ásamt starfsmanni FSÍ í mótamálum.

Fimleikastiginn var unnin af fyrri TKV og sátu nokkrir nefndarmenn í báðum nefndum. Uppfærsla var unnin á stiganum á tímabilinu. Frekari uppfærsla verður í sumar.

Mikil fjölgun hefur orðið í keppni í yngri flokkum kvenna í áhaldafimleikum og mótin orðin ansi þung í framkvæmd. TKV vinnur að breyttu fyrirkomulagi í keppni hjá yngri flokkum í áhaldafimleikum.

Prepamótið í 5.prepi var fyrsta mótið sem var pappírslaust, dómarar færðu einkunnina inn í Sporteventsystem í símana sína. Þannig sleppa þeir við að fylla út litla dómaramiða sem fara til ritara sem færir þá inn í tölvu.



Tækninefnd karla

Almenn störf voru unnin samkvæmt starfslýsingu tækninefnda. Nefndin hjálpaði skrifstofu við undirbúning móta og skipulag á dómaraplönum fyrir mót innanlands.

Nefndin fundaði á netinu í gegnum facebook Google Drive, <http://drive.google.com> til að geyma skjöl og halda utan um verkefni. Öll mótaskipulög eru einnig geymd á Drive til að fylgjast með því hversu virkir dómarar eru í verkefnum FSÍ.

Undirnefnd TK, kölluð landsliðsnefnd vann áfram frá síðasta tímabili. Hennar verkefni er að ákveða hverjir muni taka þátt í landsliðsverkefnum hversu sinni. Nefndina skipa Anton, Daði, Sigurður og Róbert Kristmannsson landsliðsþjálfari.



Tækninefnd í hóp fimleikum

Í tækninefnd fyrir þennan vetur komu 2 nýjir inn í nefndina, auk þess sem einn meðlimur kom aftur inn í nefnd eftir pásu. Fundir voru langir þegar þeir áttu sér stað en gengu vel fyrir sig og samstarfið var mjög gott.

Haustið 2017 voru gefnar út nýjar keppnisreglur og höfum við verið að vinna í því að gera undanþágurnar okkar betur aðlagðar að þeim reglum og reyna að vera stefnumótandi að einhverju leiti. Eftir að haustmóti lauk gáfum við undanþágurnar út aftur, þar sem einhverjir hnökrar komu upp á haustmótinu.

Við erum orðin nokkuð sátt með það hvernig reglurnar eru orðnar í dag, þó að það sé alltaf erfitt að reyna að nota reglur sem eru ætlaðar til keppni á Evrópumóti, hjá 9-10 ára keppendum á Íslandi. Undanþágurnar eru mjög viðamiklar en við uppsetningu á reglunum var reynt að gera þær eins aðgengilegar og hægt væri fyrir þjálfara og reynt að hafa reglurnar skýrar.



Fræðslunefnd

Fræðslunefnd hefur verið starfandi frá þingi FSÍ árið 1998 þar sem aðalverkefni hafa verið að sinna fræðslumálum og byggja upp öfluggt þjálfarakerfi í fimleikum samhliða Þjálfunarmenntunarkerfi ÍSí.

Þjálfaramenntunarkerfi FSÍ og móttökunámskeið eru fastir liðir en einnig er boðið upp á styttri og lengri námskeið og fræðslu utan kerfisins. Á liðnu starfsári vann nefndin að frekari þróun og uppbyggingu á þjálfaramenntunarkerfi FSÍ sem rekið er samhliða Þjálfunarmenntunarkerfi ÍSí. Kerfið myndar heildræna menntun til diplománáms íþróttþjálfara.

Starfstímabilið var fjölbreytt og skemmtilegt þar sem að flestir fimleikþjálfarar hefðu átt að finna fræðslu við hæfi.



Nefnd um fimleika fyrir alla

Fimleikar fyrir Alla hópar hafa sprottið upp í mörgum félögum nú síðustu ár.

Eitt af okkar hlutverkum í FFA er að styðja þessa hópa og hefur nefndin síðastliðin ár boðist til að koma og fræða félög og hjálpaðeim af stað til að efla Fimleika fyrir Alla í þeirra félagi.

Nefndin studdi við verkefnin Eurogym 2018 í Belgíu og Golden age sem fram fór á Ítalíu. Stefnan næsta ár er að bjóða upp á “æfingabúðir” fyrir FFA hópa, þar sem gæti skapast skemmtilegur vettvangur fyrir samstarf þessara hópa milli félaga. Einnig á Eurogym 2020 eftir að taka stóran sess í starfsemi nefndarinnar.



Heilbrigðisnefnd

Fagteymi

Fagteymi Fimleikasambandsins er skipað fagfólki sem býr yfir reynslu og þekkingu sem nýst getur öllum sem iðka fimleika.

Hingað til hafa þessir fagaðilar mest komið að stuðningi við afreksstarf sambandsins með fræðslu til afreksfólks, þjálfara og annarra sem að afreksfólkinu okkar koma.

Fimleikasambandið leitast við að fagteymin skipi einstaklingar sem hafa bæði andlega og líkamlega heilsu iðkenda að leiðarljósi og reynir að tryggja að einstaklingar í landsliðsverkefnum fái frá þeim fræðslu sem styrkir þá bæði sem fimleikafólk og sem einstaklinga í samfélaginu okkar.



Laganefnd

Laganefnd FSÍ er kjörin til tveggja ára í senn og á árinu 2017 voru Þóra Margrét Hjaltested, Hjalti Geir Erlendsson og Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir kjörin í nefndina.

Þóra Margrét gegndi stöðu formanns nefndarinnar þar til hún lét af störfum á árinu 2018 og tók Ragnheiður þá við formennsku en ný inn í nefndina kom Guðrún Björk Bjarnadóttir. Er Þóru Margrétu þakkað innilega samstarfið í nefndinni undanfarin ár.

Farið var í umfangsmikla vinnu við uppfærslu á lögum FSÍ og reglugerðum á fyrra starfsári og hefur nefndastarf því verið í rólegri kantinum þetta árið. Nefndin hefur tekið til skoðunar einstök mál sem stjórn FSÍ og framkvæmdastjóri hafa beint til hennar, svo sem gerð viðauka við dómarasamninga, skoðun mála vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar og yfirferð reglna og laga í undirbúningi fyrir þing FSÍ.

Einn formlegur fundur var haldinn í nefndinni á starfsárinu, en að öðru leyti hafa samskipti farið fram með tölvupósti milli nefndarmanna. Þau verkefni sem helst eru framundan hjá nefndinni á komandi starfsári lúta að uppsetningu ferla í persónuverndarmálum og að gera FSÍ kleift að aðstoða sín aðildarfélög í þeim efnum, auk annarra hefðbundinna verkefna.



Fimleikadómarafélag Íslands



Dómarafélag Íslands var stofnað árið 2017.

Á vormánuðum 2018 kom félagið að nýjum og endurbættum dómarasamningum, þar sem ákveðið var að búa einnig til samning fyrir alþjóðlega dómara sem taka að sér erlend verkefni og er stefnan sett á að klára þann samning fyrir næsta tímabil.

Dómarafélagið stóð fyrir skemmtikvöldum fyrir fimleikadómara, ásamt því að gera könnun á því hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara. Niðurstöðurnar verða nýttar til að styrkja stöðu dómara og bæta aðkomu þeirra og auka þátttöku í fimleikasamfélaginu.

Fræðsludagur Fimleikasambandsins

Fræðsludagurinn var haldin í annað sinn í Íþróttahúsinu Fagralundi 25. ágúst.

Í ár fengum við til liðs við okkur frábæra fyrirlesara, þær Hrund Þrándardóttur sem fjallaði um þjálfun barna með ADHD og kvíða og Vöndu Sigurgeirsdóttur sem fjallaði um einelti. Einnig var í heimsókn hjá okkur Jeff Thomson frá Kanada en hann fjallaði um fimleika fyrir alla og fimleika sem leiðandi íþrótt. Mikil ánægja var með alla fyrirlesara og má segja að þessi byrjun á haustinu sé komin til að vera.

Góð mæting var frá öllum félögum en alls voru um 120 manns sem mættu á Fræðsludaginn. Fyrirlestrarnir voru allir túlkaðir á ensku.

Þjálfaranámskeið

Alls voru haldin 9 þjálfaranámskeið sem voru sótt af 270 þjálfurum.

Námskeiðahald var með hefðbundnu sniði á árinu. Flest námskeiðin eru tengd fræðslukerfi FSÍ. Seinni hluti nýs þjálfaranámskeiðs 2B fór fram í janúar og lauk góður hópur því námskeiði. Nýtt námskeið fyrir aðstoðarleiðbeinendur leikskólahópa fór fram í september og var vel sótt af áhugasömum ungum þjálfurum.

Framundan er áframhaldandi vinna við þróun fræðslukerfisins, endurskoðun á námsefni og möguleikar á rafrænu kennsluformi skoðaðir.



Dómaranámskeið

Dómaranámskeið í hóp fimleikum fóru fram í janúar bæði í Reykjavík og á Egilsstöðum.

Allir dómarar þurftu að endurnýja réttindi sín þar sem um nýjar reglur var að ræða. Einnig voru námskeiðin vel sótt af nýjum dómurum, en í heildina voru 76 dómarar sem luku prófi.



Landsliðsfræðsla

Í ljósi þess að við viljum ávallt verða betri í fimleikahreyfingunni stóð Fimleikasambandið fyrir fræðslukvöldum fyrir alla þá sem eiga sæti í úrvalshópum bæði í áhaldafimleikum og hóp fimleikum.

Á fyrra fræðslukvöldinu var fjallað um hugarfar og áskoranir þeirra sem eru að vinna sig upp úr meiðslum. Þar fluttu erindi Margrét Lára Viðarsdóttir, Sandra Dögg Árnadóttir og Þórdís Ólafsdóttir. Seinna fræðslukvöldið var fjölbreytt og tekið á mikilvægum málefnum. Agnes Þóra Árnadóttir næringarfræðingur leiðbeindi iðkendum um mikilvægi hollrar næringar. Sigríður Lára Guðmundsdóttir íþróttافرæðingur talaði um áhrif svefnleysis á frammistöðu í íþróttum, Rakel Davíðsdóttir fjallaði um ofbeldi í íþróttum og ýmsar birtingamyndir þess og að lokum ræddi Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur um sjálfstraust og hugarþjálfun.

Eins og sjá má eru málefnin mikilvæg og erum við stolt af því að geta boðið úrvalshópunum okkar upp á fræðslu sem þessa.

Afreksmælingar



Haust 2018 fór af stað meistaranámsstaða kostuð af HR og FSÍ. Mastersneminn heitir Viktorija Riskute og leggur stund á íþróttافرæði.

Verkefnið felst í styrktar og liðleika mælingum á landsliðsfólki. Niðurstöður mælinganna eru svo bornar saman við niðurstöður úr sömu mælingum hjá iðkendum á sambærilegu getustigi í Hollandi og USA.

Hver úrvalshópur er mældur 4x yfir árið og sjá nemar við HR alfarið um framkvæmd.

Niðurstöður iðkenda eru svo sendar til þjálfara og þeirra sjálfra eftir hverja mælingu svo auðvelt er að sjá framfarir og greina hvar áherslupættir í styrktar og liðleikabjálfun eiga að liggja.



Jeff Thomson



Jeffrey Thompson kom til Íslands í tengslum við Olympic Solidarity styrk sem sambandið sótti um og fékk í samstarfi við ÍSí.

Jeff, eins og hann er kallaður, hélt fyrirlestur þar sem öllum þjálfurum landsins var boðið að koma. Fyrirlesturinn hét - Hið einstaka viðfangsefni að vinna með unglingum - áskorannir og úrlausnir. Jeff er vel þekktur sérfræðingur innan fimleikahreyfingarinnar en hann hefur í gegnum árin sinnt ýmsum ráðgjafastörfum fyrir alþjóða fimleikasambandið (FIG). Hann hefur hátt í 40 ára reynslu í vinnu með ungmennum og hefur hann helgað lífi sínu vinnu við gerð fræðsluefnis og prógramma sem að stuðla að betra utanumhaldi með ungmennum og þeirra íþróttaiðkun. Hann hefur hjálpað til við að byggja upp fræðsluprógröm og stefnur sérsambanda á borð við það Nýsjálenska og hjá PAN ameríku sambandinu.

Hann fjallaði um vinnu með unglingum, en mörgum finnst það erfitt og stressandi. Hann varpaði ljósi á það sem er að gerast í líkama unglinga á þessu skeiði og útskýrði hvernig við getum nálgast unglinga á jákvæðan og uppbyggilegan hátt með tilliti til kennslu og þjálfunnar óháð íþróttagreinum. Fyrirlesturinn var mjög áhugaverður og ekki skemmdi fyrir að Jeff er gríðarlega skemmtilegur fyrirlestari.

Hardy Fink




Helsti fræðslusérfræðingur Alþjóða Fimleikasambandsins (FIG), Hardy Fink kom til Íslands í júní.

Hardy er maðurinn á bak við fræðslukerfi FIG og hefur byggt kerfið markvisst upp síðustu áratugina. Hann hefur ferðast út um allan heim með fræðslu og ráðgjöf á vegum FIG og vorum við svo heppin að hann gat gefið sér tíma til að koma til Íslands. Fimleikasambandið í samstarfi við fræðslunefnd sótti um styrk fyrir komu Hardy og lögðu sig fram við að gera upplifun hans ógleymanlega.

Hardy var með tvö fyrirlestrakvöld fyrir íslenska þjálfara, en öllum félögum á landinu var boðið að sitja fyrirlestarana endurgjaldslaust. Fyrirlestrarnir voru vel sóttir af þjálfurum úr öllum greinum innan fimleikanna, en tæplega 60 manns allstaðar að af landinu gáfu sér tíma í að koma og hlusta á hann. Málefnið sem tekin voru fyrir voru aflfræði, skipulagning, andlegur undirbúningur keppenda, ásamt ákefð í æfingum ungra barna. Fyrirlestrarnir eru hluti af sérgreinánámskeiði 3A hjá FSI en námskeiðinu verður framhaldið í janúar 2019.

Hardy gaf sér einnig tíma í að kíkja á landsliðsæfingar sjá karlaliðinu og fór á úrvalshópaæfingu drengja í áhaldafimleikum þar sem hann gaf í kjölfarið ráð varðandi fræðslu og uppbyggingu.

Erlend verkefni



Erlend verðlaun

Afreksfólkið okkar fór í mörg verkefni á árinu og náðist mikill og góður árangur.

Á árinu 2018 var nóg að gera hjá afreksfólkinu okkar og góður árangur hefur náðst. Í ár áttum við keppenda í fyrsta skipti á Ólympíuleikum ungmenna, en þar keppti Martin Bjarni Guðmundsson. Hann stóð sig frábærlega og var meðal annars varamaður inni úrslit á tveimur áhöldum. Einnig náðum við góðum árangri á Norðurlandamóti í áhaldafimleikum og Evrópumóti í hóp fimleikum og ekki má gleyma þeim sögulega árangri þegar Valgarð Reinhardsson tryggði sér sæti í úrslitum á stökki á Evrópumótinu í sumar.

Berlin Cup:

Jónas Ingi Þórisson – gull á stökki
Martin Bjarni Guðmundsson – gull á stökki

Norðurlandamót í áhaldafimleikum:

Unglingar:


Vigdís Pálmadóttir – silfur á stökki
Martin Bjarni Guðmundsson – brons í fjölþraut,
gólfi, stökki og svifrá
Jónas Ingi Þórisson – silfur á stökki

Fullorðnir:

Agnes Suto-Tuuha – silfur á stökki
Eypór Örn Baldursson – brons á stökki
Valgarð Reinhardsson – silfur á svifrá

Evrópumót í hóp fimleikum:

Kvennalið - silfur
Blandað lið fullorðinna - brons
Stúlknalið - brons



Úrslit á Evrópumótinu

Valgarð Reinhardsson tryggði sig inn í úrslit á stökki á Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem fram fór í Glasgow í ágúst.

Valgarð er fyrstur Íslendinga til að keppa í úrslitum á stökki á Evrópumóti í fullorðinsflokki og annar Íslendingurinn í sögunni til að tryggja sig í úrslit á Evrópumóti. Engin Íslendingur hefur komist í úrslit á Evrópumóti síðan árið 2004 þegar Rúnar Alexandersson komst í úrslit á bogahesti. Valgarð varð í 5. sæti í undankeppninni með einkunina 14,233 og endaði í 8. sæti

Í samtali við Valla eftir mótið sagði hann að hann væri komin til að vera og upplifunina hafa verið geðveika. „Þetta er allt öðruvísi en maður er vanur“ sagði Valli, en á móti sem þessu fá keppendur ekki æfingu inn í keppnissal áður en áhaldið hefst.



The Olafsdottir


Sú sem átti einna eftirminnilegustu innkomuna á stóra sviðið í ár var án efa Sonja Margrét en hún framkvæmdi nýja æfingu sem ekki hefur verið framkvæmd áður í keppni í fimleikum á stórmóti.

Sá háttur er hafður á að fyrsta manneskjan til að framkvæma nýja æfingu á annað hvort HM eða Ólympíuleikunum, fær æfinguna nefnda eftir sér í dómarabókinni. Með framkvæmdinni varð til ný æfing, Ólafsdóttir, sem eftir mótið verður skráð í bókina, eitthvað sem fest allir fimleikamenn eiga sér draum um.

Sonja var ekki eini keppandinn á Heimsmeistaramótinu sem skráði nafnið sitt í bókina en Simone Biles framkvæmdi the Biles á stökki og á nú tvær æfingar nefndar eftir sér.

The Olafsdottir

Submitted by: Sonja Olafsdottir, ISL
Apparatus: Balance Beam
Element description: Dismount – Gainer Salto
Tucked with 11/2 twist (540°) at end of the beam
Element value: D



The element submitted by Sonja Olafsdottir (ISL)

Ólympía í Grikklandi

Dominiqua Alma Belanyi hlaut þann heiður að vera valin fyrir hönd ÍSÍ á Ólympíuráðstefnu fyrir unga þátttakendur í Ólympíu í Grikklandi.

Markmið ráðstefnunnar var að fræða þátttakendur um gildi Ólympíuleikanna og ólympisma, en fókus punktur þessa árs snéri að íþróttamanninum sem fyrirmynd. Dominiqua, sem hefur nú lagt fimleikaólarnar á hilluna, hefur nú hafið nýjan kafla á sviði íþróttanna þar sem hún mun vafalaust láta til sín taka í framtíðinni.




Undankeppni fyrir Ólympíuleika ungmenna




BUENOS
AIRES
2018

BAKU
2018



Ólympíuleikar ungmenna



Ísland sendi 4 keppendur til leiks í undankeppni fyrir Ólympíuleika ungmenna (YOG) sem fram fór í Baku í Azerbaijan.

Emilía Björt Sigurjónsdóttir, Vigdís Pálmadóttir, Jónas Ingi Þórisson og Martin Bjarni Guðmundsson voru fulltrúar okkar. Frá undankeppninni komust svo 17 stúlkur og 17 drengir á sjálfa Ólympíuhátíðina sem fram fór í Buenos Aires í Argentínu. Þar átti Ísland keppanda í fyrsta skipti enn Martin Bjarni Guðmundsson var flottur fulltrúi okkar á stóra sviðinu.

Feel the
future



Dómarar í hópfimleikum

Hópfimleikadómarar fóru á tvö stórmót á árinu 2018.

Alls fylgdu þrír dómarar liðunum út á Norðurlandamót unglunga í apríl. Á Evrópumótið fóru alls 4 dómarar út til að sinna almennri dómgæslu, að auki bættist við sú nýjung að liðinu fylgdi greiningarteymi sem skipað var tveimur dómurum.

Dómarar í áhaldafimleikum

Margir stóðu dómavaktina í erlendum mótum árið 2018. Þar ber hæst að Björn Magnús Tómasson fékk boð frá alþjóða fimleikasambandinu um að taka að sér dómgæslu á Evrópumóti fullorðinna í Glasgow og á Heimsmeistaramótinu í Qatar.

Einnig er vert að minnast á að Daði Snær Pálsson og Sandra Matthíasdóttir fengu boð á Ólympíuleika ungmenna sem fram fóru í Buenos Aires í Argentínu. Þangað fá boð dómarar yngri en 35 ára sem skara framúr

Eurogym

Eurogym 2018 fór fram í Liege í Belgíu, Ísland sendi 164 þátttakendur frá 7 félögum.

Þar sem Ísland er næsti gestgjafi Eurogym þá fengum við að kynna okkur á lokahátíðinni og tóku allir íslensku þátttakendurnir þátt í því atriði. Það má segja að undirbúningur fyrir Eurogym 2020 hafi hafist í Belgíu þar sem hópur frá Fimleikasambandinu kynnti sér hátíðina og umfang hennar.

Á meðan hátíðinni stóð fengum við til liðs við okkur Markús Pálsson. Hann aðstoðaði okkur við að kynna hátíðina sem fram fer á Íslandi 2020 og myndaðist oft mikil stemmning og gleði í kringum hans vinnu.

Það er ekki annað hægt en að vera spenntur fyrir 2020 þar sem við stefnum á að halda besta Eurogym sem haldið hefur verið.





Golden Age



**Golden age fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri
fór fram í Pesaro á Ítalíu 16. – 21. september.**

Fjórir hópar tóku þátt frá Íslandi og komu þeir frá
Ármanni, Akranesi og tveir hópar frá Kramhúsinu, alls 108
manns. Almenn ánægja var með hátíðina og stóðu allir
hóparnir sig með sóma.



Núr landsliðspjálfari kvenna

Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sandra Árnadóttir hafa látið af störfum sem landsliðspjálfarar í áhaldafimleikum kvenna.

Þau hafa verið farsæl í starfi landsliðspjálfara frá árinu 2013 og náðu meðal annars 14. sæti á Evrópumóti með íslenska liðið og 9. sæti á stökki, þegar Norma Dögg var hársbreidd frá því að tryggja sig inn í úrslitin. Undir þeirra stjórn vann íslenska liðið tvenna Smáþjóðaleika og Norðurlandamót. Við þökkum bæði Guðmundi og Söndru kærlega fyrir góð störf og hlökkum til að vinna með þeim í framtíðinni.

Hildur Ketilsdóttir hefur verið ráðin A -landsliðspjálfari áhaldafimleika kvenna. Hildur einn af reyndustu þjálfurum hreyfingarinnar, en hún hefur starfað fyrir Fimleikasambandið í fjölda ára, bæði í tækninefndum, sem þjálfari og sem dómari. Hildur hefur meðal annars tekið þátt í millilandamótum, landskeppnum, Norðurlandamótum, Norður-Evrópumótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum. Við óskum Hildi til hamingju og bjóðum hana velkomna til starfa.



Heiðursfélagi

Hlín byrjaði að starfa hjá Fimleikafélaginu Björk haustið 1970.

Í upphafi kenndi hún eingöngu frúarleikfimi en fljótlega var stofnaður telpnaflokkur.

Hlín náði ótrúlegum árangri með nemendur sína í gegnum árin þrátt fyrir litla aðstöðu til að byrja með. Hún hefur átt marga Íslands og bikarmeistara og hafa margir nemendur hennar verið í landsliði Íslands.

Hlín var ekki bara góður þjálfari sem helgaði sig starfinu heldur einnig góður félagi nemenda sinna.

Hlín er fyrirmynd fyrir alla í íþróttahreyfingunni. Það finnst vart það starf innan hreyfingarinnar sem

hún hefur ekki gengið í, hún hefur gert það með bros á vör og lagt sig fram við að smita gleðinni til okkar hinna sem höfum fengið að starfa með henni.

Gullmerki

Áreiðanleg, ráðagóð, víðsýn, sérstaklega hæf í mannlegum samskiptum og með djúpstæða þekkingu á málefnum íþróttahreyfingarinnar. Þetta er stutt lýsing á Auði Ingu Þorsteinsdóttur.

Auður hefur alltaf látið gott af sér leiða hvar sem hún kemur, henni er mikið í mun að allir fái jöfn tækifæri til að láta ljós sitt skína, hver á sínum forsendum. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri Gerplu frá 2006 til ársins 2015 þegar hún tók við starfi framkvæmdastjóra UMFÍ. Í stjórnartíð Auðar hjá Gerplu, fjórfaldaðist iðkendafjöldi í félaginu, reksturinn tók stakkaskiptum og árangurinn í keppni hjá iðkendum lét ekki á sér standa. En alltaf var áherslan á að Fimleikar eru fyrir alla, allir æfa saman, það hafa nefndilega allir sitt fram að færa og koma með gleði og ánægju inn í starf félagsins.

Henni er ekki sama um neinn, með jafnrétti í forgrunni leggur hún áherslu á að allir geti verið með. Hún veit hver hún er og hvað hún stendur fyrir, sem við í fimleikahreyfingunni erum svo þakklát fyrir.

Fjölmiðla verðlaun ársins

Fjölmiðlaverðlaun FSÍ eru veitt þeim fjölmiðli sem skarað hefur fram úr í umfjöllun um fimleika á árinu

Íþróttadeild RÚV hefur í gegnum árin sinnt fimleikum af krafti og á síðasta ári var enn meira gefið í í þeim efnum. Við erum ánægð og þakklát fyrir gott samstarf.

Ásamt því að færa fimleikafólkið okkar heim í stofu að sýna listir sínar, þar sem þau etja kappi um hver er bestur á Íslandi. Þá hefur RÚV stóraukið sýningar frá erlendum stórmótum, þar sem okkar færasta fólk Hlín og Gummi hafa gert öllu góð skil fyrir þá sem sátu límdir við skjáinn og fylgdust með besta íþróttafólki heims skrifa nöfn sín í sögubækurnar.

Rúv.is er fyrsti vefmiðillinn á Íslandi til að útbúa sér fimleikaflipa á sinni síðu

Ýmsar viðurkenningar

Afrek ársins

- 2008** Norðurlandameistarar Gerplu í hópfirmleikum
- 2009** Bjarki Ásgeirsson-NEM meistari á bogahesti
- 2010** Þjálfarar Evrópumeistara í hópfirmleikum
- 2011** Norðurlandameistarar Gerplu í hópfirmleikum
- 2012** Kvennalandslíðið í hópfirmleikum
- 2013** Dominiqua Alma Belányi - Smáþjóðaleikameistari
- 2014** Norma Róbertsdóttir -9. sæti á stökki á EM
- 2015** Thelma Rut Hermannsdóttir - 6 sinnum Íslandsmeistari
- 2016** Team Ísland – Lið Íslands á Evrópumótinu í hópfirmleikum
- 2017** Kvennalandslíð Íslands í áhaldafimleikum 2. sæti á NEM
- 2018** Úrslit á stökki á EM í áhaldafimleikum - Valgarð Reinhardsson

Lið ársins

- 2013** Kvennalið Gerplu í hópfirmleikum
- 2014** Kvennalandslíðið í hópfirmleikum
- 2015** Kvennalið Stjórnunnar í hópfirmleikum
- 2016** Kvennalandslíðið í áhaldafimleikum
- 2017** Kvennalið Stjórnunnar í hópfirmleikum
- 2018** Kvennalandslíðið í hópfirmleikum

Leiðtogi ársins

- 2017** Jón Sigurður Gunnarsson
- 2018** Guðrún Bjarnadóttir

Þjálfari ársins

- 2017** Andrea Németh
- 2018** Jóhannes Níels Sigurðsson



Fimleikafólk ársins

Andrea Sif Pétursdóttir og Valgarð Reinhardsson voru valin fimleikamaður og fimleikakona ársins.

Andrea Sif Pétursdóttir er fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í hópfimleikum sem vann til silfurverðlauna á Evrópumótinu í október.

Hún gengdi einnig lykilhlutverki í sigri Stjörnnunar á Íslandsmóti og bikarmóti í vetur. Hún er stoð og stytta í félagsliði sínu, sem og í landsliðinu, en hún var á árinu fyrirliði beggja liða. Andrea er á meðal sterkustu hópfimleikakvenna heims sem sýndi sig þegar hún var valin í All Stars lið eða Stjörnulið Evrópumótsins, en í það eru valdar 6 fimleikakonur sem framkvæma erfiðustu stökk mótsins.

Andrea Sif er íþróttamaður í hæsta gæðaflokki, hún lifir fyrir íþrótt sína og er auðmýkt hennar gangvart ástundum og árangri öðru fimleikafólki ríkur innblástur.

Valgarð er magnaður fimleikamaður sem hefur átt góðu gengi að fagna síðast liðið ár.

Hann náði þeim sögulega árangri að vera fyrsti íslenski fimleikamaðurinn til að komst í úrslit á stökki þegar hann var fimmti í undanúrslitunum á Evrópumótinu í Glasgow í ágúst en alls kepptu 151 keppandi á mótinu.

Hann er ríkjandi Íslandsmeistari í fjölþraut, bikarmeistari með félagsliðinu sínu, Gerplu og vann til silfurverðlauna á tvíslá á Norðurlandamótinu í sumar.

Valgarð hefur mikinn metnað fyrir íþrótt sinni og er glæsileg fyrirmynd yngri iðkenda.

Fimleikafólk ársins



2. sæti

Kolbrún er þekkt fyrir að framkvæma allar æfingar með mikilli einbeitingu, krafti og glæsileika, en að auki keppir hún með erfiðustu stökk sem framkvæmd eru í Evrópu. Kolbrún keppti með kvennalandsliði Íslands á Evrópumótinu, þar sem liðið varð í 2. sæti. Hún var valin í Stjörnulið Evrópumótsins fyrir gólfæfinar, en það er mikill heiður þar sem er valið úr stórum hópi keppenda. Í ár keppti hún með meistaraflokki Stjörnnunar sem varð Bikar- og Íslandsmeistari á árinu.

2. sæti

Alexander er einn besti fimleikamaður Íslands í hópfimleikum. Hann er fyrirliði íslenska landsliðsins í blönduðum flokki fullorðinna sem varð í 3. sæti á Evrópumótinu í og var þar lykilmáður, en hann var eini stökkvarinn í íslenska liðinu sem keppti með þrefalt heljarstökk með 2,5 skrífu á trampólíni, sem er sambærilegt við það sem bestu fimleikamenn í Evrópu framkvæma. Hann átti mjög gott keppnisár, félagslið hans, karlalið Gerplu, varð Íslands-, Bikar- og deildarmeistari í vor.

3. sæti

Agnes er fimleikakona úr Gerplu og hefur hún átt langan og farsælan fimleikaferil sem spannar rúman áratug. Hún hefur verið í fremstu röð fimleikakvenna í áhaldafimleikum og varð meðal annars Bikarmeistari með liði sínu á árinu. Agnes varð í 2. sæti á stökki á Norðurlandamótinu og deildi 3. sætinu í fjölþraut á Íslandsmótinu með Thelmu Aðalsteinsdóttur. Hún hefur raðað sér meðal efstu kvenna á mótum ársins og er hún öðrum fimleikastúlkum mikil fyrirmynd.

3. sæti

Eypór Örn varð Bikarmeistari með félagsliði sínu Gerplu á árinu og í 2. sæti í fjölþraut á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum. Eypór er Íslandsmeistari á stökki og náði þeim glæsilega árangri að verða í 3. sæti á stökki á NM í sumar. Í ár hefur Eypór verið einn af lykilmönnum í landsliði Íslands, en hann keppti á öllum stærstu mótum vetrarins fyrir Íslands hönd. Eypór lifir fyrir íþróttina sína og er mikilvægur liðsmaður í íslenska landsliðinu, þar sem hugarfar hans og metnaður er til fyrirmyndar.

Lið ársins

Lið ársins er Kvinnalandsliðið í hópfirmleikum

Liðið vann til silfurverðlauna á Evrópumóti í hópfirmleikum í október. Liðið vann tvö áhöld af þremur og var hársbreidd frá því að landa Evrópumeistaratitlinum í ár. Styrk íslensku kvennanna má einna helst sjá í Stjörnuliði mótsins en Ísland átti þrjár af sex konum í því liði en ekkert land náði þeim árangri.

Auðmýkt og samstaða einkenndi liðið sem vann sem ein heild að settu markmiði og framkoma þeirra var eftirtektarverð, bæði í gleði og þegar á brattan var að sækja. Það var aðdáunarvert að fylgjast með æðruleysi og baráttunni sem þessar afrekskonur fimleikanna sýndu Evrópu.

Fimleikasambandið er stolt af þvílíkum frekskonum sem berjast með öllu sínu, fimleikum í landinu til heilla.

Afrek ársins



Afreksbikar ársins hlýtur Valgarð Reinhardsson, sem var fyrstur Íslendinga til að keppa í úrslitum á stökki á Evrópumóti í fullorðinsflokki og annar Íslendingurinn í sögunni til að tryggja sig í úrslit á Evrópumóti.

Enginn Íslendingur hefur komist í úrslit á Evrópumóti síðan árið 2004 þegar Rúnar Alexandersson komst í úrslit á bogahesti. Valgarð varð fimmti af átta keppendum inn í úrslitin og fékk fyrir stökkin sín einkunnina 14,233. Í úrslitum endaði Valgarð í áttunda sæti.

Erlend verkefni í áhaldafimleikum

Keppendur	Félag	Berlin cup	Koper	Yog-qual	Nm jr	Nm sr	YOG	EM jr	EM sr	HM	Top Gym	Cottbus
Ágúst Ingi Davíðsson	Gerpla	x			x			x				
Breki Snorrason	Björk	x			x			x				
Martin Bjarni Guðmundsson	Gerpla	x		x	x		x	x				
Jónas Ingi Þórisson	Ármann	x			x			x				
Agnes Suto-Tuuha	Gerpla					x			x	x		x
Dominiqua Belányi	Björk									x		x
Jón Sigurður Gunnarsson	Ármann					x				x		x
Thelma Aðalsteinsdóttir	Gerpla					x				x		x
Valgarð Reinhardsson	Gerpla		x			x			x	x		x
Eyþór Örn Baldursson	Gerpla		x			x			x	x		
Dagur Kári Ólafsson	Gerpla				x			x				
Lilja Ólafsdóttir	Björk					x			x			
Margrét Lea Kristnsdóttir	Björk					x			x	x		
Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir	Björk					x			x			
Emilia Björt Sigurjónsdóttir	Björk						x	x			x	
Guðrún Edda Min Harðardóttir	Björk				x			x				
Laufey Birna Jóhannsdóttir	Gróttá				x			x				
Sóley Guðmundsdóttir	Gróttá				x			x				
Vigdís Pálmadóttir	Björk				x		x	x			x	
Sonja Margrét Ólafsdóttir	Gerpla									x		
Embla Guðmundsdóttir	Björk				x							
Guðjón Bjarki Hildarson	Gerpla					x						
Arnþór Daði Jónasson	Gerpla		x			x						

Erlend verkefni í áhaldafimleikum

Þjálfarar	Berlin cup	Koper	Yog-qual	Nm jr	Nm sr	YOG	EM jr	EM sr	HM	Top Gym	Cottbus
Róbert Kristmannsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
Viktor Kristmannsson				x	x		x	x			
Hildur Ketilsdóttir			x	x	x		x	x	x	x	x
Andrea Krováts-Fellner											x
Guðmundur Brynjólfsson								x			
Þorbjörg Gísladóttir				x			x		x		

Dómarar	Berlin cup	Koper	Yog-qual	Nm jr	Nm sr	YOG	EM jr	EM sr	HM	Top Gym	Cottbus
Björn Magnús Tómasson				x	x		x	x	x		
Sigurður Hrafn Pétursson							x	x			
Guðmundur Brynjólfsson	x										x
Þorbjörg Gísladóttir			x								x
Sandra Matthíasdóttir						x	x	x			
Hlín Bjarnadóttir							x	x	x		
Sandra Dögg Árnadóttir				x	x					x	
Dóra Sigurbjörg Guðmundsdóttir				x	x						
Anton Heiðar Þórólfsson		x							x		
Alexander Jens Ásgeirsson				x	x						
Hróbjartur Pálmar Hilmarsson				x	x						
